

# Þjálfun vegna raunfærnimats

Námskeið 31. janúar og 1. febrúar 2018

Sendandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun bjóða upp á námskeið um raunfærnimat 14. og 15. september 2017. Námskeiðið er ætlað matsaðilum, náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Einnig eru hagsmunaaðilar sem vilja kynna sér framkvæmd raunfærnimats velkomnir. Ekkert námskeiðsgjald er greitt, en FA greiðir hvorki fyrir ferðir né upphald þátttakenda. Framkvæmd er háð því að nægileg þátttaka fái.

Námskeiðið verður haldið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Skipholti 50b þriðju hæð.

Dagur	Hefst	Lok
Miðvikudagur 31. janúar	10.15	16:00
Fimmtudagur 1. febrúar	09.00	16:00

Ástæða þess að við byrjum kl. 10.15 er vegna þeirra sem koma langt að. Nánari upplýsingar um skipulag er að finna í dagskrá.

## Námskeiðslýsing

Tilgangur námskeiðanna er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálfna þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum. Námskeiðið er 15 kennslustundir.

## Leiðir á námskeiðinu

Á námskeiðinu verður farið yfir skilgreiningu á raunfærnimati, reglugerðir, lög og framkvæmd. Farið verður yfir það raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hér á landi og greiningardæmi tekin til glöggvunar á framkvæmd þess. Lögð er áhersla á almenna virkni þátttakenda í gegnum umræður og æfingar í hópum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að byggja upp færni í að meta raunfærni á uppbyggilegan og réttmætan hátt og finna lausnir á álitamálum.

## Reglugerð no.1163

Þann 30. október 2011 kom út reglugerð vegna framhaldsfræðslulaga og þar segir m.a: Sérfræðingar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## Skráning

Sendið upplýsingar á netfangið [steinunn@frae.is](mailto:steinunn@frae.is) um eftirfarandi atriði;

- Nafn þess sem sækir námskeiðið
- Kennitölu
- Í gegnum hvaða aðila kemur viðkomandi (símenntunarmiðstöð/skóli/stofnun/annað)

Kær kveðja  
Haukur Harðarson  
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir  
Hildur Betty Kristjánsdóttir  
Steinunn Júlíusdóttir

## Dagskrá,

### Þjálfun matsaðila í raunfærnimati – Drög að dagskrá

Miðvikudagur 31. janúar 2018

Kl. 10.15 - 11.00	Raunfærni – Hugmyndafræði og skilgreining á hugtakinu Haukur Harðarson og Hildur Betty Kristjánsdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)
Kl. 11.00 – 11.10	Stutt kaffi
Kl. 11:10 - 12:00	Handbók fyrir matsaðila, lög og reglugerðir og önnur gögn Haukur Harðarson FA
Kl. 12:00 - 13:00	Hádegishlé
Kl. 13:00-13:50	Framkvæmd og aðferðafræði Hildur Betty Kristjánsdóttir FA
Kl. 13:50 – 14:40	Hlutverk náms- og starfsráðgjafa Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir FA
Kl. 14:40 – 15:00	Kaffihlé
Kl. 15:00 – 15:40	Reynsla þátttakenda
Kl. 15.40 – 16:00	Samantekt Haukur Harðarson, FA

### Fimmtudagur 1. febrúar 2018

Kl. 09:00 – 10:40	Matssamtalið Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir FA
Kl. 10.40- 11:00	Kaffihlé
Kl. 11:00 – 11:45	Reynsla matsaðila Nanna Bára Maríasdóttir
Kl. 11:45 - 12:45	Hádegishlé
Kl. 12:45– 13:30	Verkefnastýring í raunfærnimatsverkefnum Hildur Betty Kristjánsdóttir FA
Kl. 13:30 -14:40	Verkefnavinna Hildur Betty Kristjánsdóttir FA
Kl. 14:40 - 15:00	Kaffihlé
Kl. 15:00 - 15.45	Verkefnavinna og samantekt Starfsfólk FA
Kl. 15:45 - 16:00	Námskeiðsmat

### Leiðbeinendur

Frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eru leiðbeinendur á námskeiðinu Haukur Harðarson, Hildur Betty Kristjánsdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir.

Auk þess leiðbeina einstaklingar sem hafa tekið þátt í framkvæmd raunfærnimats sem matsaðilar, þátttakendur og ráðgjafar. Nöfn leiðbeinenda sem eru sett við einstaka liði geta breyst og einnig röðun á dagskrá.